



Dagsetning

Tilvisun


29. 11. 1995


Alþingi Íslendinga  
Sólveig Pétursdóttir formaður allsherjarnefndar  
- berist til Kristjönu Benediktsdóttur skjalavarðar -  
Þórshamri við Templarasund  
Reykjavík.


*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 120/280*  
*komudagur 4/12 1995*

Með vísan til bréfs háttvirtrar allsherjarnefndar til mannanafnanefndar, dags. 7. nóvember 1995, þar sem þess er farið á leit að nefndin gefi umsögn um frumvarp til laga um mannanöfn, sem nú liggur fyrir hinu háa Alþingi, skal háttvirtri allsherjarnefnd gefið til kynna, virðingarfyllst, að mannanafnanefnd hefur ákveðið að tjá sig ekki opinberlega um efni frumvarpsins að svo búnu máli. Meðal nefndarmanna eru skiptar skoðanir um efni frumvarpsins og hafa þeir ekki tök á að skýra mál sitt innan þess frests, sem nefndur er í bréfi allsherjarnefndar. Sé þess engu að síður sérstaklega óskað, getur nefndin látið álit í té um frumvarpið verði gefinn til þess lengri frestur.

Virðingarfyllst,

  
Halldór Ármann Sigurðsson, formaður

  
Erlendur Jónsson

  
Páll Sigurðsson